

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. september 1989

um skipulag tímabundinna tilrauna í markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni

(89/540/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykurrófufræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE ⁽²⁾, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/100/EBE ⁽⁴⁾, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/2/EBE ⁽⁶⁾, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olú- og trefjajurtafræja ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE, einkum 12. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt ákvæðum framangreindra tilskipana er aðeins hægt að vottfesta fræ opinberlega eftir að það hefur verið staðfest með opinberri akurskoðun að jurtirnar sem bera fræin fullnægja settum skilyrðum.

Því hefur verið haldið fram að með akurskoðunum, sem eru ekki opinberar í skilningi fyrrnefndra tilskipana, mætti stórlega einfalda aðferðir við opinbera vottfestingu fræja án þess að gæði fræjanna rýrni verulega.

Þessi fullyrðing hefur enn ekki fengist staðfest innan bandalagsins á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

Því er hentugt að gera tímabundna tilraun við tiltekna aðstæður með það að markmiði að meta hvort framangreind fullyrðing fái staðist innan bandalagsins og einkum hvort rétt sé að gæði fræjanna rýrni ekki verulega samanborið við

þau gæði sem fást með opinberum akurskoðunum.

Aðstæðurnar við tilraunina ber að tiltaka þannig að hægt verði að safna sem mestum upplýsingum innan bandalagsins með það að markmiði að draga réttar ályktanir að því er varðar breytingar sem síðar kunna að verða gerðar á ákvæðum bandalagsins.

Í tengslum við tilraunina er rétt að undanþiggja aðildarríkin ákveðnum kvöðum sem mælt er fyrir um í viðkomandi tilskipunum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

1. Gera skal tímabundna tilraun innan bandalagsins við þær aðstæður sem tilteknar eru í 2. gr. í því skyni að meta hvort óopinberar akurskoðanir geti tryggt einföldun á þeim aðferðum við opinbera vottfestingu fræja sem gerðar eru kröfur um í tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE án þess að gæði fræjanna rýrni verulega.

2. Aðildarríkin geta hvert um sig tilkynnt framkvæmdastjórninni fyrir 30. júní 1991 að þau hafi ákveðið að taka ekki þátt í tilrauninni. Aðildarríki sem hafa ekki tilkynnt framkvæmdastjórninni hið gagnstæða teljast þátttakendur í tilrauninni, annaðhvort á landsvísu eða svæðisbundið og að minnsta að því er varðar eina af tegundunum sem taldar eru upp í tilskipunum sem um getur í 1. mgr.

3. Aðildarríki sem teljast þátttakendur í tilrauninni eru hér með undanþegin þeirri kvöð að akurskoðanir verði að vera opinberar sem mælt er fyrir um í 3. lið A-hluta I. viðauka við tilskipun 66/400/EBE, 6. lið í I. viðauka við tilskipun 66/401/EBE, 5. lið í I. viðauka við tilskipun 66/402/EBE og 5. lið í I. viðauka við tilskipun 69/208/EBE, að því tilskildu:

- a) að undanþágan takmarkist við tegundina sem þau taka þátt í að gera tilraun með;
- b) að undanþágan takmarkist við fræ úr flokkinum „vottað fræ“ af öllum gerðum;
- c) að undanþágan sé háð því að skilyrðum 2. gr. sé fullnægt.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 38, 10. 2. 1989, bls. 36.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 5, 7. 1. 1989, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjttíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

2. gr.

Skilyrðin sem um getur í 1. mgr. 1. gr. skulu vera þessi:

- a) Akurskoðanirnar eru í höndum eftirlitsmanna sem hafa heimild til þess frá yfirvaldinu sem ber ábyrgð á vottfestingu fræja í hlutaðeigandi aðildarríki.
- i) Eftirlitsmennirnir geta aðeins fengið heimild:
- ef þeir hafa sannanlega nauðsynlega faglega menntun og hæfi og hafa öðlast hana á námskeiðum sem skipulögð eru við sömu skilyrði og fyrir opinbera eftirlitsmenn vottunaryfirvaldsins eða hafa fengið hana staðfesta með opinberum prófum,
 - ef þeim ber að framkvæma skoðanirnar í samræmi við reglur um opinberar skoðanir,
 - ef þeir hafa sömu skyldur gagnvart vottunaryfirvaldinu og opinberir eftirlitsmenn.
- ii) Eftirlitsmenn geta verið:
- óháðir einstaklingar, eða
 - menn ráðnir af einstaklingum eða lögaðilum sem veita fræframleiðendum, þar með talið þeim sem rækta, forvinna eða selja fræ, tæknipjónustu á eigin vegum, eða
 - menn ráðnir af einstaklingum eða lögaðilum sem starfa við fræframleiðslu, þar með talið við ræktun, forvinnslu eða sölu fræja.
- Í síðastnefnda tilvikinu getur eftirlitsmaður ekki framkvæmt akurskoðun á jurtum sem ræktaðar eru á vegum vinnuveitanda hans nema samist hafi um annað milli vinnuveitanda hans, þess sem sækir um vottfestingu og yfirvaldsins sem ber ábyrgð á vottfestingu fræja.
- b) Minnst tveir ætliðir næst á undan fræi úr flokkinum „stofnfræ“ og að því meðtöldu skulu opinberlega athugaðir og er akurskoðun þar meðtalin, á sama hátt og stofnfræ.
- c) Opinberir eftirlitsmenn skulu kanna tiltekinn hluta svæðanna sem eru skráð í þessa tilraun til framleiðslu á fræi til opinberrar vottfestingar sem „vottað fræ“ ákveðinnar tegundar. Meginreglan er að þessum hluta skuli skipt eins jafnt og unnt er milli einstaklinga og lögaðila sem afhenda fræ til vottfestingar en einnig má láta fara fram könnun í því skyni að eyða tilteknum efasemdum.

Þessi hluti er 10% hið minnsta fyrir tegundir með kynlausa æxlun eða sjálffrjóvgun og 20% hið minnsta fyrir aðrar tegundir. Í fyrstu skulu aðildarríkin velja þennan hluta úr svæðum sem eru skráð til vottfestingar en geta síðar valið úr samanlögðum fjölda svæða sem skráð eru svæðisbundið eða á landsvísi. Vottunaryfirvaldið skal bera skýrslur úr opinberu skoðuninni vandlega saman við skýrslur þeirra sem hafa heimild til skoðunar. Sé um meiri háttar ósamræmi að ræða, sem ekki er hægt að leysa á annan hátt, er hægt að ákveða nýja, sam-eiginlega skoðun í því skyni að gera lokaskýrslu sem notuð verður til að taka ákvörðun um vottfestingu.

- d) Vottunarnúmerið sem krafist er fyrir opinberu merkimiðana, sem lýst er í tilskipuninum sem um getur í 1. mgr. 1. gr., eða önnur atriði sem við eiga skulu gera embættismönnum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni kleift að bera kennsl á vörueiningar fræja sem hafa verið vottfest opinberlega í framhaldi af akurskoðunum sem voru eingöngu framkvæmdar af viðurkenndum eftirlitsmönnum.
- e) Taka skal sýni úr vörueiningum fræja sem eru vottfest opinberlega í þessari tilraun og gera á þeim opinbera eftirkönnun samkvæmt reglum sem eru ákveðnar í samræmi við gildandi reglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um vottfestingu á stofnum fræja sem seld eru á alþjóðavettvangi.

Sýnin skulu tekin:

- úr hverri vörueiningu þegar um er að ræða vörueiningar fræja sem samþykkt eru til ræktunar á næsta ætliði fræja,
- í öðrum tilvikum að minnsta kosti úr hluta vörueininganna eins og tiltekið er í framangreindum reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir viðkomandi tegundir.

Í fyrra tilvikinu leiða neikvæðar niðurstöður úr eftirkönnuninni yfirleitt til þess að fræ sem ræktað eru úr viðkomandi vörueiningu fræja fá ekki opinbera vottfestingu.

- f) Taki aðildarríki þátt í tilrauninni með ákveðna tegund skulu minnst 50% en mest 80% sýna, sem aðildarríkið afhendir til samanburðarprófana á tegundinni innan bandalagsins, koma úr vörueiningum fræja sem hafa fengið opinbera vottfestingu eftir akurskoðanir sem eingöngu viðurkenndir eftirlitsmenn hafa framkvæmt. Nánari tilhögun skal ákvörðuð í tæknilegum aðferðarlýsingum fyrir samanburðarprófanirnar.
- g) Aðildarríkin skulu reyna að sjá til þess að gerðar séu opinberar prófanir á fræjum þegar við á til að kanna með formfræðilegum, lífeðlisfræðilegum eða lífefnafræðilegum samanburði við tegundina hvort þau séu ósvikin og hrein miðað við afbrigði eða stofn og hvort þau flytji með sér smit og að prófanirnar séu annaðhvort liður í vottfestingunni eða innan ramma opinberu eftirkönnunarinnar sem um getur í e-lið eða hvort tveggja. Á grundvelli skýrslna um niðurstöður prófana geta að-

ildarríkin og framkvæmdastjórnin samþykkt, eigi síðar en 31. desember 1992, í fastanefndinni um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt hvort og í hvaða mæli slíkar prófanir (ef þær taka af öll tvímæli) geta komið í staðinn fyrir ákveðnar kröfur, sem um getur í c- eða e-lið, að því er tilraunina varðar.

3. gr.

Tilrauninni og undanþágunni sem lýst er í 1. gr. skal lokið 30. júní 1996. Aðildarríki geta ákveðið að hætta þátttöku í tilrauninni fyrir þann tíma ef þau telja að framkvæmd hennar, miðað við ræktunarskilyrði, gæti haft áhrif gæði fræjanna. Þau skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir 30. júní 1991:

- um tegundirnar sem þau hafa ákveðið að taka þátt í að gera tilraun með,

- umfang þátttökunnar þegar um er að ræða svæðisbundna þátttöku.

2. Auka má umfang þátttöku í tilrauninni með fleiri tegundum og svæðum fram til 30. júní 1992.

3. Frá og með 1989 skulu aðildarríkin, fyrir árslok hverju sinni, skýra framkvæmdastjórninni frá:

- niðurstöðum úr eftirliti opinberra eftirlitsmanna eða opinberum fræprófunum sem fram fara samkvæmt c-lið 2. gr.,

- niðurstöðum úr eftirkönnunum sem gerðar eru í samræmi við e-lið 2. gr.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. september 1989.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.